

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Elías Snær Einarsson <eliaseinarsson@gmail.com>
Sent: laugardagur, 21. janúar 2023 20:46
To: Skipulag
Subject: Athugasemd varðandi Vesturvör 22-24

Góðan daginn,

Ég er íbúi í Hafnarbraut 14 og var að kynna mér tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Vesturvör 22-24. Í því má sjá að bílastæði per íbúð fer úr 1.4 niður í 1 og 1.1. Mér finnst þetta frekar furðuleg ákvörðun þar sem það er nú þegar margoft búið að senda kvartanir til Kópavogsbæjar undan bílastæðaleyfis í kringum Hafnarbraut 12 og 14. Ef það á að bæta við 91 íbúð þá mun þurfa **mun meira** en bara 96 bílastæði. Göturnar hér í kring eru nú þegar orðnar einbreiðar af því það eru alltaf bílar lagðir upp við kantinn öðrum megin alla leið í kringum Hafnarbraut 12 og 14, og skorturinn er það slæmur að það þrengir að, skerðir útsýni, og myndar hættu á gatnamótum Hafnarbrautar og Vesturvarar. Ég sé ekki hvernig það sé á nokkurn hátt mögulegt að troða 91 íbúð þarna án þess að bæta einhverjum tugum bílastæða við í tillögunu. Ég styð alfarið þá tillögu að bæta við fleiri íbúðum, en það verður að koma með hlutfallslegri aukningu bílastæða, sérstaklega þegar þið vitið nú þegar að það er alvarlegur skortur hérna.

Kveðja,
Elías

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026